



Borgarráð

Ritstjórn vefs Reykjavíkurborgar, reykjavik.is

Hjálögð drög að erindisbréfi ritstjórnar vefs Reykjavíkurborgar, reykjavik.is er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindisbréf ritstjórnar Reykjavíkurborgar, reykjavik.is, drög.



ERINDISBRÉF

Ritstjórn vefs Reykjavíkurborgar, reykjavik.is

Ábyrgðaraðili:

Borgarritari

Inngangur:

Vefur Reykjavíkurborgar, reykjavik.is er sameiginlegur ytri vefur þjónustu borgarinnar, sviða og stjórnsýslu. Á vefnum er greitt aðgengi að nýjustu og áreiðanlegustu gögnum, upplýsingum og þjónustu og þarfnast hann því stöðugs viðhalds og uppfærslu. Vefurinn styður við opna og gagnvirka stjórnsýslu. Þá skal ávallt leitast við að tryggja aðgengi allra hópa að efninu. Líta skal á ritstjórn sem langtímaverkefni.

Hlutverk:

Ritstjórn ber ábyrgð á stefnumótun á vefnum, orðalagi og skipulagi ásamt því að skera úr um mögulegan ágreining um efnistöð og hönnun. Að auki ber ritstjórn ábyrgð á samhæfingu á stefnu og mörkun annarra vefa Reykjavíkurborgar.

Ritstjórn á forsiðu vefsins er á ábyrgð skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Starfshópin/stýrihópin skipa:

Samskiptastjóri á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, formaður

Verkefnisstjóri upplýsingamála á umhverfis- og skipulagssviði

Verkefnisstjóri upplýsingamála á velferðarsviði

Vefstjóri á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Verkefnisstjóri vefmála á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Verkefnisstjóri vefmála á þjónustu- og nýsköpunarsviði

Til ráðgjafar og samstarfs:

Fleiri starfsmenn geta setið fundi ritstjórnar sem ráðgjafar eða sérfræðingar í efnistöðum eða tæknimálum.

Starfstímabil og skil:

Þetta er langtímaverkefni en samsetning ritstjórnar skal endurskoðuð árlega í janúar.



Reykjavíkurborg

Reykjavík, [dags.]

Þorsteinn Gunnarsson
borgaritari

DRÖG